

STJÓRNARTÍÐINDI B 154 – 2004

8. desember 2004

2409

Nr. 978

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, frá 2. júní 1995.

Breytingin felst í því að svæði með blandaðri landnotkun (athafnasvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu) verður íbúðarsvæði, að undanskilinni hornlóð við Þjóðbraut og Innnesveg sem verður verslunar- og þjónustulóð. Jafnframt er felld niður vegtenging sem liggja átti á milli Þjóðbrautar og Akranesvegar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

8. desember 2004

Nr. 979

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, breyting vegna Tungudalsvirkjunar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, frá 31. október 1990.

Breytingin felst í skilgreiningu á 400 fermetra atvinnusvæði (iðnaðarreit) fyrir stöðvarhús, þrýstivatnslögn og lagnaleið raflínu vegna Tungudalsvirkjunar við Tunguá á Ísafirði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.